

AUGLÝSING

um umferð á Seyðisfirði.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hefur verið ákveðið, að eftirtalinn vegkaflí á Seyðisfirði skuli talinn aðalbraut:

Ránargata öll, frá Fjarðarárbrú að Bræðraborgarlæk.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust vikja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 17. júlí 1965.

Erlendur Björnsson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Reykjavíkur og nágrennis, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð, að í henni eiga sæti 17 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnnum eftirtalinnna sveitarfélaga, 2 frá hverjum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarneshreppi, Garðahreppi, Bessa-staðahreppi, Mosfellshreppi og Kjalarneshreppi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög. Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal halda gerðabók; og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður, sem er ósamþykkur ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Nefndin lætur á uppdrætti auðkenna þann hluta svæðisins, sem hún telur rétt að fjallað skuli um; einnig skal sérstaklega auðkenna þann hluta af óskipulögðu svæði, sem hún telur að ekki skuli skipulagður að svo stöddu.

5. gr.

Á uppdrætti skal sýna legu aðalumferðarbrauta og legu annarra gatna (vega), sem áhrif hafa á skipulag utan þess sveitarfélags, þar sem gatan (vegurinn) er, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi, opin svæði o. s. frv.

Sýna skal á uppdrætti staðsetningu vatnsæða og vatnsbóla, holræsa, rafmagnslína, jarðhitasvæða, svo og mannvirkja, sem sérstakt menningar- eða sögugildi hafa, og náttúrumyndanir, sem ætlazt er til að óskertar verði.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins eða um þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag, sem aðild á að nefndinni, greiðir í upphafi kr. 5000.00. Í árslok gerir nefndin síðan tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1968. Ef nefndin óskar og gildir ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um löggildingu danska lyfseðlasafnsins 1963 á Íslandi.

Frá og með 1. apríl 1966 skal danska lyfseðlasafnið frá 1963, Dispensatorium Danicum 1963, vera gilt lyfseðlasafn á Íslandi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. ágúst 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.